

Árangur við eftirfylgni viðauka við eigendaskomulag

4. fundur verkefnastjórnar urðunarstaðar, 11. apríl 2024

Bakgrunnur

- Eigendasamkomulag
- Áframhaldandi rekstur urðunarstaðar til 2030 með ströngum skilyrðum
- Mikil vinna unnin við að tryggja að staðið sé við samkomulagið



Efnisatriði eigendaskomulagsins

1. Urðun á lyktarsterkum og lífrænum úrgangi verður hætt á urðunarstað SORPU í Álfsnesi eftir 31. desember 2023.
 2. Baggaður/blandaður úrgangur verður ekki urðaður í Álfsnesi eftir 31. desember 2023. Mun sú aðgerð hafa veruleg áhrif til minnkunar á urðuðu magni í Álfsnesi en áætlað er að 40 – 50 þúsund tonn af böggðuðum úrgangi séu urðuð þar árlega.
 3. Brennslustöð fyrir úrgang verður ekki reist í Álfsnesi.
 4. SORPA mun, til að lágmarka neikvæð sjónræn grenndaráhrif, hefja vinnu við að opna rein til urðunar á óvirkum úrgangi og steinefnum í norðanverðu Álfsnesi árið 2024.
 5. SORPA mun vinna markvisst að því að finna nýjan urðunarstað og samhliða leita markvisst leiða til að draga úr allri urðun í Álfsnesi.
 6. SORPA mun, til að lágmarka lyktarmengun af þeim úrgangi sem þegar hefur verið urðaður, bora að lágmarki 70 holur í rein 20 til að safna gasi árið 2023, auka verulega við jarðvegs- og gróðurþekju urðunarstaðarins og kanna möguleika á að þekja urðunarrein 20 með dúk.
 7. SORPA mun tryggja að unnið verði markvisst að víðavangshreinsun í Álfsnesi.
 8. SORPA mun vinna með markvissum hætti að skógrækt í Álfsnesi.
 9. SORPA mun standa að hugmyndaskemmu um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar í Álfsnesi árið 2024.
-

Atriði 1

- **Urðun á lyktarsterkum og lífrænum úrgangi verður hætt á urðunarstað SORPU í Álfsnesi eftir 31. desember 2023.**
 - Urðun á lyktarsterkum og lífrænum úrgangi var hætt fyrir 31. desember 2023, og hefur lyktarsterkur og lífrænn úrgangur ekki verið urðaður í Álfsnesi á þessu ári.



Atriði 2

- **Baggaður/blandaður úrgangur verður ekki urðaður í Álfsnesi eftir 31. desember 2023. Mun sú aðgerð hafa veruleg áhrif til minnkunar á urðuðu magni í Álfsnesi en áætlað er að 40 – 50 þúsund tonn af böggðuðum úrgangi séu urðuð þar árlega.**
 - Baggaður blandaður úrgangur hefur ekki verið urðaður í Álfsnesi á þessu ári. Sá úrgangur sem fellur til í blandað rusl og var áður urðaður er nú fluttur úr landi til brennslu.
-

Atriði 3

- **Brennslustöð fyrir úrgang verður ekki reist í Álfsnesi.**
 - Brennslustöð fyrir úrgang verður ekki reist í Álfsnesi.



Atriði 4

- **SORPA mun, til að lágmarka neikvæð sjónræn grenndaráhrif, hefja vinnu við að opna rein til urðunar á óvirkum úrgangi og steinefnum í norðanverðu Álfsnesi árið 2024.**
 - Þetta verkefni er á hönnunarstigi og stefnt er að útboði á síðari hluta ársins.
-

Atriði 5

- **SORPA mun vinna markvisst að því að finna nýjan urðunarstað og samhliða leita markvisst leiða til að draga úr allri urðun í Álfsnesi.**
 - Urðun á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var rúm 10% af urðun fyrsta ársfjórðungs 2023, sem samsvarar tæplega 90% samdrætti í urðun milli ára
 - Þessi samdráttur í urðun er forsenda áframhaldandi samtals um framtíðarstað fyrir urðunarstað SORPU
 - Samtal um framtíðarstaðsetningu urðunarstaðar fyrir höfuðborgarsvæðið verður tekið upp í haust þegar meiri reynsla verður komin á árangur af samdrátt í urðun
-

Atriði 5 frh.

	Urðað magn
1.566,26	88,7% minna magn mv. Q1 2023
Magn í tonnum ▼	Gjaldskrárnúmer og heiti ▼
582,58	12133 - Ólífrænn dælanlegur úrgangur >20% þ.e.
454,58	12130 - Lausaúrgangur
293,54	12102 - Véltækur úrgangur
68,62	12135 - Asbest
68,44	12132 - Þveginn sandur
66,16	12160 - Net, troll og kaðlar
32,12	12111 - Hæsnaskítur
0,22	12137 - Ásóttur úrgangur
0,00	12143 - Úrgangur frá sorpheðh. - í lausu

Atriði 6

- **SORPA mun, til að lágmarka lyktarmengun af þeim úrgangi sem þegar hefur verið urðaður, bora að lágmarki 70 holur í rein 20 til að safna gasi árið 2023, auka verulega við jarðvegs- og gróðurþekju urðunarstaðarins og kanna möguleika á að þekja urðunarrein 20 með dúk.**
 - SORPA hefur þegar borað tæplega 60 holur í rein 20 til að lágmarka lyktarmengun og hámarka gassöfnun. Eftir er að bora 3 holur.
 - Fjöldi á holum mun ekki ná 70 stk. Hluti af þeim holum sem stóð til að bora reyndust þegar nánar var skoðað ekki á heppilegum stað fyrir gassöfnun. Markmið um lyktarvarnir mun eftir sem áður nást með rúmlega 60 holum
 - Unnið er að því að auka jarðvegs- og gróðurþekju á urðunarstaðnum
 - Vinna við fýsileikakönnun á dúkalagningu urðunarstaðar er ekki hafin
-

Atriði 7

- **SORPA mun tryggja að unnið verði markvisst að víðavangshreinsun í Álfsnesi.**
 - SORPA vinnur markvisst að víðavangshreinsun í Álfsnesi. Vorhreinsun hófst af krafti um síðustu helgi.
 - Afturelding byrjaði samstarfið vel sl. vor varðandi að senda hópa í Álfsnes. Það gekk ekki eins vel sl. haust en vonir standa til að þau nái að manna hópa núna í vor.
 - Til að halda góðum dampi í víðavangssöfnun hefur því aðeins verið leitað til annarra félaga.
-

Atriði 8

- **SORPA mun vinna með markvissum hætti að skógrækt í Álfsnesi.**
 - SORPA gróðursetti rúmlega 2.000 tré sumarið 2023, og mun gróðursetja rúmlega 3.000 tré í Álfsnesi sumarið 2024



Atriði 9

- **SORPA mun standa að hugmyndasamkeppni um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar í Álfsnesi árið 2024.**
 - Unnið er að undirbúningi hugmyndasamkeppni á vettvangi verkefnastjórnar urðunarstaðar SORPU, í samstarfi við Mosfellsbæ
 - Stefnt er að því að halda hugmyndasamkeppni haustið 2024 eða vorið 2025